

Margrét Blöndal
skapar töfra



Hæ hó
og jibbíjei



FASTEIGNASALAN
TORG
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

Menning > 14

Lífið > 16

FRÉTTABLAÐIÐ

115. TÖLUBLAÐ 22. ÁRANGUR

frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGUR 14. JÚNÍ 2022



Hafnfirðingurinn Þórir Jóhann Helgason fagnar hér öðru marki Íslands og fyrsta marki sínu í jafntefli Íslands og Ísraels í gær. Íslenska liðið komst í tvígang yfir en náði ekki að landa sínum fyrsta sigri í Þjóðadeildinni. Þetta var þriðja jafntefli Íslands í röð í keppninni og lengist biðin eftir fyrsta sigrinum í keppninni sem telur nú þrettán leiki.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Risahagnaður hjá heilidsölunni Lyru í Covid

Heildsalan Lyra, sem selur rannsókn- og greiningatæki og vörur til efnagreininga, margfaldaði tekjur sínar og hagnað í kórónuveirufaraldrinum, mestmegnis með sölu til ríkisins án útboðs. Hagnaðurinn var 1.954 milljónir króna og eigendur tóku sér 750 milljónir í arðgreiðslu.

gar@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Neyðarástand vegna kórónuveirufaraldursins skýrir gríðarlega söluaukningu hjá heilidsölufyrirtækinu Lyra, sem velti 4.250 milljónum króna í fyrra og skilaði 1.954 milljónum króna í rekstrarafgang.

Fedginin sem eiga Lyra ákváðu að skipta með sér allt að 750 milljónum sem arðgreiðslu vegna árangursins.

Lyra er fjölskyldufyrirtæki sem stofnað var á árinu 1991 og fæst við sölu á rannsókn- og efnagreiningatækjum svo og rekstrarvörum til efnagreininga. Framkvæmdastjóri þess og aðaleigandi er Höskuldur H. Höskuldsson.

Langstærsti viðskiptavinur Lyru er Landspítalinn með kaupum á veirugreiningatækjum og tilheyrandi efnum til prófana.

Að því er segir í upplýsingum sem fengust frá Landspítalanum í gær fóru innkaupin frá Lyru fram án útboðs. Undanþágur til þess fengust með beitingu neyðarréttar í ljósi ástandsins í heimsfaraldrinum.



Landspítalinn beitti neyðarrétti til að fá undanþágu til að kaupa án útboðs af heilidsölunni Lyru.

Meðal annars hafi Landspítalinn keypt raðgreiningatæki en kostnaðurinn felst þó ekki síður í hvarfefnum til greininga á sýnum vegna Covid-19. Uppi hafi verið alheimsneyðarástand og slegist hafi verið um þessi efni á markaðinum.

Samkvæmt svörum Landspítalans þótti nauðsynlegt að fá tækin og efnin því greiningagetan hafi verið sprungin og Íslensk erfðagreining boríð þungann af greiningum.

Árið 2016 velti Lyra 596 milljónum króna og hagnaðurinn þá var 8 milljónir króna eftir skatt.

Hagnaðurinn í fyrra var sem fyrr segir 1.954 milljónir, eða hátt í helmingur þess sem selt var fyrir. Að frádregnum tekjuskatti var hagnaðurinn 1.564 milljónir króna.

„Covid-heimsfaraldurinn hefur haft í för með sér aukna spurn eftir vörum félagsins og veltuaukningu samanborið við fyrra ár“, er útskýrt í ársreikningi Lyru fyrir árið 2021.

Svipaða færslu er að finna í ársreikningi Lyru fyrir árið 2020. Þá

seldi fyrirtækið vörur og þjónustu fyrir 1.042 milljónir króna og skilaði 317 milljónum í hagnað fyrir skatta. Arður var þá greiddur „í samræmi við það sem lög leyfa“, eins og segir í ársreikningi.

Starfsmenn Lyru í fyrra voru fjórtán og skiptu þeir með sér 127 milljónum króna launagreiðslum.

Eini eigandi Lyru undanfarin ár hefur verið Höskuldur H. Höskuldsson framkvæmdastjóri, en í fyrra eignuðust dætur hans tvær hvor sinn 16,7 prósent hlutinn í Lyru á móti föður sínum, sem þá á 66,7 prósent hlutafjárins.

Höskuldur er erlendis og hvorki náðist tal af honum né aðstoðarframkvæmdastjóra fyrirtækisins í gær. ■

Eclipse Cross PHEV 4x4

Förum saman út í bláinn!

Eclipse Cross PHEV getur **dregið 1.5 tonn**, er með lykjalausu aðgengi, hraðastilli, hita í stýri, bakkmyndavél, þreytuviðvörðun, akreinavara o.fl. Verð frá **5.970.000 kr.**

H HeKla Laugavegi 174, 105 Rvk. www.hekla.is



MITSUBISHI
MOTORS
Drive your Ambition



Sigur Rós hefur í nógu að snúast.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sigur Rós verða í Múmínálfaleik

kristinnhaukur@frettabladid.is

MENNING Íslenska rokkhljómsveitin Sigur Rós mun vera með tónlist í nýjum tölvuleik um Múmínálfana. Leikurinn heitir Snufkin: Melody of Moominvalley og er gefinn út af fyrirtækinu Hyper Games. Leikurinn kemur út á þessu ári bæði á leikjavéitunni Steam sem og á Playstation og Xbox.

Í leiknum verða lög af plötunni () frá árinu 2002. Einnig verða nýjar útgáfur af lögum Sigur Rósa sem tónlistarmaðurinn Oda Tilset hefur blandað.

„Við viljum að leikurinn sé mjög norrænn og Sigur Rós spilar þá norrænustu tónlist sem ég veit um,“ sagði Are Sundnes, hinn norski stjórnarformaður Hyper Games, í tilkynningu. Múmínálfarnir voru skapaðir af hinni finnsku Tove Jansson. ■

Íslendingar hafa aldrei eytt meira í útlöndum en nú

birnadrofn@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Velta íslenskra greiðslukorta erlendis nam í apríl síðastliðnum 21,5 milljörðum króna og hefur ekki verið hærri frá upphafi mælinga sem hófust árið 1997.

Í nýliðnum maímánuði nam kortavelta Íslendinga hér á landi tæpum 87,7 milljörðum og jókst hún um 8,6 prósent á milli ára. Mest aukning í innlendri kortaveltu var í kaupum á þjónustu en í maí greiddu Íslendingar 41,1 milljarð fyrir þjónustu með kortum. Það er 20 prósentum meira en í sama mánuði í fyrra.

Kortavelta erlendra ferðamanna hérlendis nam nítján milljörðum í maí og jókst um 35 prósent á milli mánaða. Rúm 37 prósent erlendra kortaveltu hér á landi var á ábyrgð ferðamanna frá Bandaríkjunum. Þjóðverjar koma næstir með 7,6 prósent og því næst Bretar, 7,1 prósent kortaveltu. ■

Undirbúa hvalveiði sumarsins



Hvalveiðiskipið Hvalur 9 heldur út á sjó til þess að stilla kompasinn. Verið er að undirbúa túra sumarsins eftir langt hlé á hvalveiðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Lúsmý og bitmý herja á landann

emd@frettabladid.is

SAMFÉLAGSMÁL Lúsmý herjar nú á landsmenn í þremur landshlutum, Vesturlandi, Suðurlandi og Norðurlandi. Gísli Már Gíslason skordýrafræðingur segir lúsmýið aðeins fyrr á ferðinni í ár en áður.

„Við tölum venjulega um að þetta komi um miðjan júní og sé út ágúst, en það er augljóst að lúsmýið er að koma einhverjum dögum fyrr.“ Hann segir mikilvægt að gleyma ekki bitmýinu. „Fólk ruglar oft þessu tvennu, lúsmýi og bitmýi. Bitmýið er mjög sjáanlegt. Það er tíu millimetrar að lengd og sækir mikið í andlit, er ágengt og mjög pirrandi. Lúsmýið verður maður ekki var við. Það er einn og hálfur millimetri að lengd. Maður sér það varla,“ segir Gísli. Nánar á frettabladid.is. ■

Fjöldi fólks smitast enn og veikist af Covid hér á landi

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir segir Covid-faraldurinn ekki búinn og hvetur alla til að sinna áfram sóttvörnum og þiggja bóluefni. Í gær lágu þrettán manns á Landspítala með sjúkdóminn, þar af einn á gjörgæslu.

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Enn greinast daglega um 150–200 einstaklingar með Covid-19 hér á landi og að meðaltali eru tekin um þúsund sýni.

Í gær lágu þrettán sjúklingar með sjúkdóminn inni á Landspítala, þar af voru ellefu í einangrun og einn á gjörgæslu. 153 andlát vegna Covid höfðu á föstudaginn verið skráð hérlendis.

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir segir stóran hluta þeirra sem greinast með Covid hér á landi ferðamenn eða fólk sem ekki er búsett hérlendis, suma daga fari hlutfall þeirra upp í 50 prósent þeirra sem greinast.

„Við vitum ekki nákvæmlega hvaða fólk þetta er en líklegast eru þetta mikið Bandaríkjamenn, sem eru mikil uppistaða í ferðamennsku hér og þeir hafa þurft að sýna fram á neikvætt próf við komuna heim en sú regla var þó afnumin þann 12. júní,“ segir Þórólfur.

Hann segir þó að hópurinn sem er að greinast með Covid nú sé fjölbreyttur en algengast sé að fólk sé að smitast í fyrsta sinn. „Við fylgjumst náið með endursmitum en þau eru sjaldgæf,“ segir Þórólfur og bætir við að um 20 prósent þeirra sem eru að greinast séu með BA5 afbrigðið sem greindist fyrst hér á landi í maí.

„Sem betur fer eru ekki margir að veikjast alvarlega þótt það einhverjir á spítala og einn á gjör-



Mörg þeirra sem greinist með Covid eru ferðamenn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR



Ég held að við þurfum að minna fólk á þetta sé ekki búíð.



Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir

gæslunni. Þetta er bara enn þá með okkur og faraldurinn er ekki búinn,“ segir Þórólfur. Hann hvetur alla til að þiggja bóluefni og þá sem eru með undirliggjandi sjúkdóma eða hafa náð áttæðisaldri hvetur hann til að þiggja fjórðu sprautuna. „Sjúk-

dómurinn er klárlega miklu vægari hjá bólusetnum en óbólusetnum,“ segir Þórólfur.

„Læknar sem taka á móti þessum sjúklingum, sjá þá og fást við þá, segjast sjá greinilegan mun þarna á milli og það getur enginn greint það betur þó að einhverjir úti í bæ sem hafa aldrei komið nálægt Covid-sjúklingum hafi aðra skoðun á því,“ bætir Þórólfur við.

Samkvæmt tölum á vefsíðunni Covid.is, sem uppfærðar voru síðastliðinn föstudag, hafa 50,5 prósent íbúa landsins greinst með Covid-19. Tíðni endursmita er 2,2 prósent. Þórólfur segir að þrátt fyrir að hlutfall þeirra sem hafa smitast sé hátt sé mikilvægt að fólk sinni enn persónubundnum sóttvörnum.

„Ég held að við þurfum að minna fólk á að þetta sé ekki búíð. Við hvetjum fólk sem er með Covid til að halda sig til hlés í fimm daga og vera ekki á meðal fólks til að minnka líkur á útbreiðslu og við hvetjum fólk til að gæta vel að sóttvarnaráðstöfunum sem við þekkjum svo vel,“ segir Þórólfur. ■



- Útlit eins og timburgluggar
- Henta mjög vel í gluggaskipti!
- Þarf ekki að skrapa og mála eins og timburglugga!

GÆÐA VEKA PLASTGLUGGAR
Gott verð og stuttur afhendingartími!



Gluggasmiðjan

...Ekki bara gluggar

Steinhella 17a / 221 Hafnarfjörður / s. 577 5050 / www.gluggasmidjan.is



FRJÁLS

TOYOTA LAND CRUISER



Verð frá: 10.360.000 kr.

KINTO Langtímaleiga

Verð frá: 213.000 kr.

KAUPAUKI FYLGIR AFMÆLISÚTGÁFU

998.000 kr. kaupauki fylgir áfram í takmarkaðan tíma.*

33" breyting, heilsársdekk og felgur, hliðarlistar, hlíf undir framstuðara, hlíf á afturstuðara, krómlisti á hlera og krómstútur á púst.

TOYOTA – MEST SELDA
BIFREIÐAGUNDIN
Á ÍSLANDI
32
ÁR Í RÖÐ

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



2018

UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. *Gildir ekki með öðrum tilboðum eða LX útfærslu Land Cruiser og á eingöngu við um nýja bíla. Birt með fyrirvara um villur.



Verð á bensíni hefur hækkað mikið.

Sala á eldsneyti hefur stórauðist

ser@frettabladid.is

ORKUMÁL Sala á eldsneyti á fyrsta ársfjórðungi 2022 var átján prósentum meiri en á sama tíma á síðasta ári, að því er nýjar tölur Hagstofunnar bera með sér.

Eldsneytissalan fyrstu tvo mánuði ársins var þó áberandi minni en sala á þeim tíma á fyrri árum, enda var mikið um lokanir vegna uppgangs kórónaveirufaraldursins á þeim tíma.

Greitt var fyrir hálf fimmta prósent af söluinni 2022 með erlendum greiðslukortum, en hlutfallið var innan við eitt prósent á fyrsta ársfjórðungi árið á undan. ■



Stíllt hefur verið fram lyfjaskilakössum í apótekum Lyfju MYND/ADSEND

Eyddu tíu þúsund kílóum af lyfjum

birnadrofn@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Á síðasta ári sendi Lyfja 10.093 kíló af lyfjum, sprautum og nálum í örugga eyðingu, það er 5 prósentum meira en ári fyrr.

Karen Ósk Gylfadóttir, sviðsstjóri hjá Lyfju, segir aukningu í öruggri eyðingu lyfja mikil gleðitíðindi. Örugg eyðing lyfja sé mikilvæg fyrir umhverfið.

„Lyf geta valdið skaða á umhverfinu og mega aldrei fara í rusl, vask eða klósett,“ segir Karen.

„Við höfum lagt áherslu á þetta undanfarið með því að stilla fram lyfjaskilakössum í apótekum Lyfju sem minna viðskiptavinum á mikilvægi þess að sýna ábyrgð og skila lyfjum til eyðingar á réttan hátt.“ ■

Segir lítið gagn af ölduspákerfi í Reynisfjöru

thorgrimur@frettabladid.is

SUÐURLAND Framkvæmdasjóður ferðamannastaða hefur sett til hliðar 20 milljónir króna síðan 2016 til þess að þróa spákerfi um öldugang í Reynisfjöru. Það hefur hins vegar ekki nýst sem skyldi.

„Það er hægt að finna þetta spákerfi á heimasíðu Vegagerðarinnar, en það eru engar leiðbeiningar um hvernig á að nota það eða hvernig það getur nýst fólki í fjörunni,“



Það veit enginn hvernig á að nota það, því það hefur ekkert verið fjallað um það.

Íris Guðnadóttir, landeigandi við Reynisfjöru

segir Íris Guðnadóttir, landeigandi við Reynisfjöru. „Það veit enginn hvernig á að nota það, því það hefur ekkert verið fjallað um það. Þetta er bara einhver grænn, gulur, rauður áhættustudull, en hann segir ekkert um aðstæðurnar í fjörunni,“ segir hún.

Umræða um öryggisráðstafanir í Reynisfjöru hefur tekið sig upp að nýju eftir að banaslys varð þar á föstudaginn síðasta þegar öldurnar hrifsuðu erlendan ferðamann á átt-

ræðisaldri í sjóinn. Þetta er fimmta banaslysið á sjö árum.

Íris segir stjórnvöld skýla sér bak við stofnun starfshópa og gerð áhættumata. Áhættumat í Reynisfjöru hafi verið í vinnslu í þrjú ár.

Íris þvertók aftur fyrir að hún eða aðrir landeigendur hefðu staðið í vegi öryggisráðstafana. Í nóvember hafði hún borið af sér ásakanir þess efnis af hálfu verkefnastjóra Landsbjargar og líkti þeim við „blauta tusku“. Nánar á frettabladid.is. ■

Ósætti með nýja rammaáætlun

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar, segir að vinnubrögð meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar séu ófagleg. Kári Gautason, varaþingmaður Vinstri grænna, segir náttúruvernd enn aðaláherslumál flokksins.

benediktarnar@frettabladid.is

RAMMAÁÆTLUN Meirihluti umhverfis- og samgöngunefndar samþykkti um helgina breytingartillögu þar sem lagt er til að virkjanakostir sem áður voru ýmist í nýtingar- eða verndarflokki verði færðir í biðflokk og rannsakaðir betur.

Verkefnastjórn er klofin vegna málsins og einhverjir hafa gagnrýnt Vinstri græna, sem eiga að vera flaggskip náttúruverndar á Íslandi, fyrir að styðja breytingarnar.

Kári Gautason, varaþingmaður Vinstri grænna, segir að flokkurinn sé ekki hræddur við að takast á við erfið mál og leysa þau. Hann er ósammála því að Vinstri græn séu hætt að vera náttúruverndarflokkur.

„Ég er samþykkur því að afgreiða þetta mál með þessum hætti og styð niðurstöðu meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar. Ég skil jafnframt gagnrýnina, því þetta eru oft og tíðum afar mikil tilfinningamál þegar verið er að ræða virkjanir á þessum viðkvæmu svæðum. Ég sýni þeim sjónarmiðum mikla samkennd. Ég er ekki tilbúinn að taka undir það að Vinstri græn séu hætt að vera einhver náttúruverndarflokkur. Það er ekki þannig að mínu viti,“ sagði Kári.

Hann segir að það sé í höndum Alþingis að taka lokaákvörðun um málið. „Ef það hefði verið hugsunin frá upphafi að einhver annar ætti að taka lokaákvörðun þá hefðu lögin



Urriðafossvirkjun er ein af þeim virkjunum í neðri hluta Þjórsár sem á að færa úr nýtingu í biðflokk.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Ég er ekki tilbúinn að taka undir það að Vinstri græn séu hætt að vera einhver náttúruverndarflokkur.



Kári Gautason, varaþingmaður Vinstri grænna

verið skrifuð á annan veg. Ég styð þessa niðurstöðu og mun tjá mig um hana með atkvæðinu mínu þegar að því kemur.“

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar, segir að verkefnastjórn hafi engar rannsóknir eða gögn sem styðji þessa ákvörðun. Hún segir vinnubrögðin ófagleg.

„Akvarðanirnar eiga að vera teknar út frá faglegum forsendum og það þurfa að vera vísindaleg gögn á bak við það sem styður ákvarðanirnar. Meirihlutinn kemur ekki með nein gögn til þess að styðja þessar ákvarðanir sínar. Það er virkilega ófaglegt,“ segir Auður.

Hún segir að það verði að taka ákvarðanir út frá rannsóknum og gögnum sem hafa varúðarsjónarmið gagnvart náttúrunni að markmiði.

„Það er búið að fara fram mat sem er auðvitað gallað að mörgu leyti og rammaáætlun er ófullkomin. Það er margt sem við myndum vilja gera öðruvísi,“ segir Katrín.


Hún biður alla þingmenn nú um að standa vörð um náttúru Íslands og samþykkja ekki tilfærslurnar.

„Það að gera breytingar á einhverju sem skiptir Íslendinga miklu máli. Hvaða náttúruvernd er að eyðileggja og hverjum á að hlífa? Að koma fram með slíkar breytingar á þessari þingsályktunartillögu á laugardegi, þegar á að afgreiða málið á þriðjudegi eða miðvikudegi, er mjög ólýðræðislegt og gefur okkur ekki tækifæri til þess að ræða hvað er raunverulega í húfi eða kynna þingmönnum hvað þetta þýðir í raun og veru.“ ■

100% RAFMÖGNUM ÍTÖLSK HÖNNUN

Með 3+1 hurðum og allt að 433 km drægni

Hvað nærðu að gera á fimm mínútum? Það tekur Fiat 500e aðeins fimm mínútur í hraðhleðslu að ná 50km akstursdrægni. Fiat 500e sameinar gæði og tímalausa ítalska hönnun sem hentar vel fyrir þá sem þurfa að komast örugglega á milli staða innanbæjar.



ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

Í DAG ER ÞRIÐJUDAGUR

MIDSTÆRÐ AF PIZZU MEÐ ÞREMUR
ÁLEGGSTEGUNDUM Á 1.100 KR. EF ÞÚ SÆKIR

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP | 58 12345



Hreppsnefnd staðfestir stöðvun Skógræktar

kristinnhaukur@frettabladid.is

VESTURLAND Hreppsnefnd Skorradalshrepps staðfesti á laugardag stöðvun slóðarlagningar í hliðum fjallsins Dragafells. Einnig var staðfest stöðvun á gróðursetningu trjáplantna vestan Dragár þar sem búið var að plægja fyrir gróðursetningu.

Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að lögregla hefði verið kölluð til vegna málsins og yfirheyrð bæði skógarvörð og verkta. En það var eftir að skipulagsfulltrúi sveitarfélagsins, kallaði lögregluna til eftir ábendingar um slóðarlagningu. Skógræktin segir framkvæmdina alvanalega.

Stöðvunin er gerð á þeim grundvelli að ekki liggja framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdinni. Samkvæmt hreppsnefndinni hefur slóðarlagningin áhrif á umhverfið, breytir ámynd þess og er ekki í samræmi við aðalskipulag. Hið plægða land sé á skilgreindu hverfisverndarsvæði.

Ottó Björgvin Óskarsson, lögfræðingur hjá Skipulagsstofnun, segir að samkvæmt skipulagslögum skuli afla framkvæmdaleyfis hjá sveitarstjórnnum vegna allra meiriáttar framkvæmda sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ámynd þess.

Svo sem breytingar lands með jarðvegi eða efnistöku og annarra framkvæmda sem falla undir



Lögregla var kölluð til vegna framkvæmdarinnar.

MYND/ÁSEND

lög um mat á umhverfisáhrifum. Slóðargerð sem slík sé þó ekki sérstaklega tilgreind í lögum.

Einnig að það sé í höndum leyfiseitandans sjálfs að meta hvort framkvæmd sé leyfisskyld falli hún ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Vafamálum sé hægt að skjóta til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál.

Ottó segir skipulagsfulltrúa geta stöðvað framkvæmdir og krafist þess að jarðrask sé afmáð. „Sinni framkvæmdaðili ekki þeirri kröfu er heimilt að framkvæma slíkar aðgerðir á hans kostnað,“ segir Ottó. ■



Fólk sem ferðast til Bandaríkjanna þarf ekki lengur að sýna neikvætt Covid-19 próf.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

Bandaríkin opnari fyrir ferðamönnum

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Farþegar þurfa ekki lengur að sýna neikvætt Covid-19 próf eða staðfestingu á fyrri sýkingu þegar ferðast er til Bandaríkjanna. Breytingarnar tóku gildi 12. júní síðastliðinn.

Engar sóttvarnareglur eru í gildi vegna Covid-19 á landamærum Íslands, óháð bólusetningarstöðu ferðamanna. Misjafnt er þó hvaða reglur gilda á landamærum annarra landa og eru ferðamenn hvattir til að kynna sér þær áður en lagt er af stað í ferðalag. ■



Hjá Frú Ragnheiði fær fólk sem notar fíkniefni í æð heilbrigðisþjónustu.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ungt fólk í mestri hættu á endursýkingu lifrabólgu C

Samkvæmt nýrri rannsókn eru endursýkingar lifrabólgu C fleiri en búist var við en mikill árangur hefur náðst í meðferð sjúkdómsins. Ungt fólk í ótryggu húsnæði er í hættu á endursýkingu.

kristinnhaukur@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Ungt fólk sem notar fíkniefni í æð og hefur ótrygga búsetu er í mestri hættu á að endursýkjast (sýkjast aftur eftir lækningu) af hinum hættulega smitsjúkdómi lifrabólgu C. Griðarlegur árangur hefur náðst í baráttunni við sjúkdóminn hérlandis á undanförunum árum en endursýkingar eru fleiri en búist var við. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn sem birt var í vísindaritinu Clinical Infectious Diseases.

„Lifrabólga C veitir ekki verndandi ónæmi. Þú getur sýkst aftur og aftur,“ segir Jón Magnús Jóhannesson, læknir og rannsakandi hjá TraP Hep C-teymi Landspítalans. „Þeim mun yngri sem þú ert, því líklegri er að endursýking geti átt sér stað, sem er líklegast af margþættum ástæðum.“

Þá er mjög líklegt að óstöðug búseta sé sjálfstæður áhættuþáttur fyrir endursýkingu; það er að vera heimilislaus eða búa í óstöðugum húsakosti, til dæmis gistiskýli.

Árið 2016 hófst mikið átak í baráttunni við lifrabólgu C, sem er alvarlegur tilkynningarskyldur smitsjúkdómur vegna lifrabólgu C-veirunnar. Veiran dreifist fyrst og fremst með óhreinum sprautu-



Lifrabólga C veitir ekki verndandi ónæmi. Þú getur sýkst aftur og aftur.



Jón Magnús Jóhannesson, læknir og rannsakandi

búnaði þegar einstaklingar nota fíkniefni í æð. Veiran veldur vanalega langvinnum sýkingum sem geta endað með lifrarkrabbameini, skorpulífur og lifrabílu. Aðdragandi átaksins var nýleg tilkoma lyfja sem lækna sjúkdóminn í allt að 95 prósentum tilfella en áskorunin var að tryggja aðgengi allra að meðferðinni, þar með talið einstaklinga sem eru í virkri notkun fíkniefna í æð.

„Ef fólk er nálgast af virðingu og boðin meðferðin að kostnaðarlausu er þessu verkefni tekið mjög vel. Þetta er hópur sem er líklegri en aðrir að eigi í fjárhagsvanda og margþættum öðrum félagslegum erfiðleikum,“ segir Jón Magnús, sem var áður sjálfbodaliði í Frú Ragnheiði en hefur nú snúið sér meira að rannsóknahliðinni. Með-

ferðin tekur nokkrar vikur, lyfið er gefið munnlega og veiran mæld með blóðprufum. Ekki var skylda að taka þátt í rannsókninni samfara meðferð.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur sett sér það markmið að útrýma lifrabólgu C sem lýðheilsuvá á heimsvísu en Ísland er eitt þeirra landa þar sem mikill árangur hefur náðst – önnur lönd þar eru til dæmis Egyptaland, Kanada, Spánn og Ástralía. Jón Magnús segir yfirsýn heilbrigðiskerfisins hér yfir sjúkdóminn góða og meðferðarhaldni sjúklingahópsins sömuleiðis. Hér er lítið samfélag og miðlægt heilbrigðiskerfi sem geri það að raunsærra markmiði að meðhöndla alla.

Nýgengi lifrabólgu C hefur minnkað mikið frá árinu 2016 og þar á undan. Engu að síður sýnir rannsóknin að endursýkingar eru fleiri en búist var við. „Þetta sýnir að við megum ekki halda að sigurninn sé unninn og slá slöku við. Við þurfum að tryggja að fólk með lifrabólgu C fái áfram greitt aðgengi að allri nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu og sérstakt eftirlit,“ segir Jón Magnús. Um stórt lýðheilsuátt sé að ræða.

Aðspurður um hvort hægt sé að útrýma lifrabólgu C alfarið segir Jón Magnús að það sé fræðilega mögulegt. Lyfin séu það góð og sjúkdómurinn smitist ekki til dýra annarra en manna. Hvort það er raunhæfur möguleiki á komandi árum eða áratugum er annað mál, og endursýkingarnar valda því að erfitt er að takast á við sjúkdóminn. ■



Lýsing fyrir gerð deiliskipulagstillögu á Garðabraut 1

Bæjarstjórn Akraness hefur samþykkt lýsingu vegna fyrirhugaðs deiliskipulags fyrir lóðina Garðabraut 1, mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fyrirhugað er niðurrif núverandi byggingar og byggingu fjölbýlishúss í stað hennar. Hægt er að nálgast lýsinguna á heimasíðu Akraneskaupstaðar www.akranes.is og í þjónustuveri kaupstaðarins að Dalbraut 4.

Ábendingar varðandi tillögugerðina eiga að vera skriflegar og berast fyrir 1. júlí nk. í þjónustuver Akraneskaupstaðar Dalbraut 4 eða á netfangið skipulag@akranes.is

Sviðsstjóri skipulags og umhverfissviðs

Akranes.is

Akraneskaupstaður





HVERT FERÐ ÞÚ Í SUMAR? ALLT FYRIR ÞÍNA FERÐ Á EINUM STAÐ



ÍTALÍA

19. - 26. JÚNÍ

SÓLARLOTTÓ 3*
Tvíbýli.

VERÐ FRÁ **113.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.

HÁLFT FÆÐI



ALBÍR

21. - 29. JÚNÍ

KAKTUS ALBIR 4*
Tvíbýli með hálfu fæði.

VERÐ FRÁ **119.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 124.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.



COSTA DEL SOL

20. - 30. JÚNÍ

MYRAMAR FUENGIROLA 3*
Íbúð með 1 svefnherbergi.

VERÐ FRÁ **89.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 138.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

HAGKVENNT



ALMERÍA

27. JÚNÍ - 07. JÚLÍ

ARENA CENTER HOTEL 4*
Íbúð með einu svefnherbergi.

VERÐ FRÁ **88.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 126.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

VINSÆL GISTING



TENERIFE

27. JÚNÍ - 05. JÚLÍ

HG TENERIFE SUR 3*
Íbúð með einu svefnherbergi.

VERÐ FRÁ **84.500 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 128.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

HÁLFT FÆÐI



MALLORCA

17. - 29. JÚNÍ

GLOBALES PIONERO 4*
Tvíbýli með hálfu fæði.

VERÐ FRÁ **125.500 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 149.500 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.



PORTÚGAL

21. - 28. JÚNÍ

ROCA BELMONTE 3*
Íbúð með einu svefnherbergi.

VERÐ FRÁ **77.500 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 105.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.



KRÍT

04. - 14. JÚLÍ

SANDY SUITES 3*
Íbúð með 1 svefnherbergi.

VERÐ FRÁ **123.500 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 141.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PARENT VILLUR OG STAFABENGL.

SKOÐAÐU FJÖLDA TILBOÐA Á VEFSÍÐU OKKAR UU.IS

Dauðaströndin



Björk
Eidsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Fyrir helgina druknaði ferðamaður í Reynisfjöru og varð þar með fimmta fórnarlamb kröftugs brimsins við fjöruna fögru á undanförunum sjö árum. Það er einmitt þetta kröftuga brim sem dregur ferðamenn að ströndinni enda tilkomumikil sjón þegar Ægisdætur brotna kröftuglega á ströndinni og klettunum í kring. Hættan sem fylgir briminu er í fullkomnum takti við sjónarspilið mikla, því þyngra brim, því meira aðdráttarafl og því meiri hættu á slysum, hætti fólk sér of nærri.

Suðurstönd Íslands státar af einni hæstu ölduhæð heims svo það er ekki aðeins Reynisfjara sem er hættuleg. En það er aftur á móti Reynisfjara sem laðar að sér hundruð þúsunda ferðamanna ár hvert. Og þar liggur hættan. Full fjara af ferðafólki og magnaður kraftur brimsins sem lokkar og laðar og lætur skynsemina fara lönd og leið, er varhugaverð blanda. Daginn eftir að ferðamaður druknaði í fjörunni hljóp annar út í á sundskýlunni auk þess sem heil fjölskylda var hætt komin. Sögur af fólki og jafnvel börnum á tæpasta vaði heyrast reglulega, enn drukknar fólk og sýnir fífildirfsku, enda virðist það engan veginn átta sig á hættunni og alls ekki taka viðvörðunarskiltin alvarlega.

Tillögur um blikkljós og viðvörðunarfána náðu ekki hljómgrunni allra landeigenda en nú skoðar starfshópur ferðamálaráðherra að hreinlega loka svæðinu þegar hættan er sem mest og virðast lagaheimildir vera til staðar. Sjálf lýsti ráðherra þeirri skoðun sinni í gær, að hægt eigi að vera að loka hættulegum svæðum eins og Reynisfjöru þegar nauðsyn krefur.

Ísland hefur tekið ótrúlegum breytingum á rúmum áratug. Eitt sinn einangraða eyjan okkar er nú einn vinsælasti áfangastaður heims og við verðum að horfast í augu við að fleira en gjaldreyrir fylgir gríðarlegri fjölgun erlendra ferðamanna. Það eru þrjú ár síðan ákveðið var að vinna hættumat fyrir Reynisfjöru, það mat hefur enn ekki skilað sér en bedið hefur verið með aðgerðir eins og ráðningu öryggisvarða og lokanir þegar hættan er mest, þar til matið liggur fyrir. Slík vinna á ekki að taka mörg ár og kosta mörg mannlíf.

Margar leiðir til hættuminnkunar hafa verið ræddar en kannski væri bara skilvirkast að endurnefna fjöruna, sem á ensku hefur verið kölluð Black Sand Beach og kalla hana frekar Black Death Beach. Koma svo um leið upp skilti í sama anda og blasir við öikumönnum á Suðurlandsvegi og telur hversu margir hafi látist í umferðinni það árið. Uppfæra svo reglulega. ■

”
Kannski væri bara skilvirkast að endurnefna fjöruna, sem á ensku hefur verið kölluð Black Sand Beach og kalla hana frekar Black Death Beach.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

No komment

Vanalega bregða menn fyrir sig enskuslettunni no comment þegar þeim eru svo að segja allar bjargir bannaðar og hafa eitthvað óhreint að fela í pokahorni sínu. En í gær bar svo við þegar fréttamenn á vegum Fréttavaktarinnar á Hringbraut reyndu itrekað að hafa uppi á Bjarna Jónssyni, þingmanni Skagfirðinga, sem skeleggast hefur gengið fram í friðun Héraðsvatna – og var eiginlega kosinn á þing út af harðfylgi sínu á því sviði, ákvað hann að hafna viðtali um málið, eftir að hafa látið í það skína í sólarhring að hann myndi tjá sig um þetta hjartans mál sitt. Hann sum sé flúði þegar á hólminn var komið.

Vinir Garðabæjar

Þessi framkoma, sem á mannamáli heitir að fara á taugum, er náttúrlega dæmigerð fyrir endurtekinn vandræðagang innan ræða Vinstri grænna sem hafa myndað varnarbandalag í þágu þess samflokks síns í ríkisstjórn sem kenndur er við sjálfstæði. Eftir klúður í sölu Íslandsbanka og þjónustu við hælisleitendur, sem sósíalistar á þingi hafa fyrirgefið íhaldsmönnum frá hjartans dýpstu rötum, er nú komið að því að þegja þunnu hljóði um verndarhluta rammaáætlunar sem sjálfsgat mál er að fari nú í biðflokk að mati gömlu VG, lesist Vina Garðabæjar. ■

Vistmorð – viðbragð við ábyrgðarleysi



Andrés Ingi
Jónsson
þingmaður Pírata

Hugtakið fordæmaleysi varð heiminum öllum hugleikið fyrir skömmu. Við tókum höndum saman í fordæmalausum, ógnandi og ókunnugum aðstæðum og gerðum okkar besta til að mæta þeim með krafti og snerpu. Þó hafa aðrar fordæmalausar aðstæður staðið yfir um drykkilanga stund – en án sambærilegra viðbragða. Við stöndum nefnilega frammi fyrir fordæmalausum loftslagshamföllum. Búsvæði leggjast í eyði, yfirborð sjávar hækkar, jöklar bráðna. Náttúruspjöll af fordæmalausri stærðargráðu eru framin á degi hverjum. Vistfræðilegum stöðugleika stendur fordæmalaus ógn af yfirvofandi útdauða tegunda.

Við vitum þetta öll – en um heim allan láta ráðamenn enn eins og ekkert ami að. Heimsbyggðina skortir verkfæri til þess að gera valdafólk meðvitað um áhrifin sem það getur haft á jörðina. Hvað er þá til ráða? Einfaldasta breytingin væri að gera ráðamenn ábyrga fyrir ákvörðunum sem þeir taka. Um þessa hugmynd hefur á síðustu árum vaxið upp hreyfing sem berst fyrir því að viðurkenna hugtakið vistmorð sem alþjóðlegan glæp.

Vistmorð (e. ecocide) er skilgreint sem ólögmæt eða gerræðisleg athöfn sem framkvæmd er þótt vitað sé að athöfnin gæti haft alvarleg og víðtæk eða langvarandi umhverfisspjöll í för með sér. Hér erum við að tala um allra stærstu umhverfisspjöllin – en líka þau umhverfisspjöll sem ólíklegast er að einhver sæti ábyrgð fyrir. Með því að tryggja réttarstöðu náttúrunnar auðveldum við folki að berjast fyrir sameiginlegri framtíð okkar allra.

Í gær flutti ég þingsályktunartillögu fyrir Alþingi þess efnis að Ísland beiti sér fyrir því að ríki heimsins viðurkenni vistmorð sem alþjóðaglæp fyrir Alþjóðlega sakamáladómstólnum í Haag (ICC) samhliða því að fella viðurlög við vistmorði inn í íslenska refsilöggjöf.

Vonandi getur þingheimur náð þverpólískri sátt um umhverfis- og loftslagsmálin til framtíðar – því raunveruleikinn sem við blasir spyr ekki um pólitík og biður ekki eftir neinum. Ráðafólki ber skylda til að taka afstöðu með jörðinni – bæði í þágu komandi kynslóða og náttúrunnar sjálfar. ■

”
Heimsbyggðina skortir verkfæri til þess að gera valdafólk meðvitað um áhrifin sem það getur haft á jörðina.

ILVA

ÚTSALA

30-50%

AFSLÁTTUR

KAUPTÚN 1, GARÐABÆR | NORÐURTORG, AKUREYRI | ILVA.IS

Það tekur þrjátíu mínútur að bjarga mannlífi



Davíð Stefán Guðmundsson
formaður Blóðgjafafélags Íslands

Alþjóðlegi blóðgjafadagurinn er haldinn hátíðlegur 14. júní ár hvert. Dagurinn er haldinn til heiðurs blóðgjöfum um heim allan sem gefa af óeigingirni blóð og blóðhluta sem síðan er gefið til sjúkra. Mikil þörf er á að fjölga blóðgjöfum, því er tilvalið að nýta þennan hátíðisdag til að ganga í hóp vaskrar sveitar blóðgjafa sem tryggja samfélaginu dýrmætt framboð af blóði og blóðhlutum. Án framlags okkar góðu blóðgjafa yrði erfitt, jafnvel ómögulegt, að framkvæma skurðaðgerðir og aðstoða einstaklinga í gegnum erfið veikindi.

Sumartíminn reynist starfsemi Blóðbankans gjarnan erfiður þar sem ferðalög eru tíðari og blóðgjafar síður heima við en annars. Það er því starfseminni dýrmætt þegar blóðgjafar muna eftir að gefa blóð áður en haldið er í friði því Blóðbankinn þarf 70 blóðgjafa á dag allan ársins hring. Þessu til viðbótar má nefna að á Íslandi eru virkir blóðgjafar um 2.000 færri en þeir þurfa að vera. Þessu til viðbótar eru um 2.000 gjafar á hverju ári sem hætta að gefa sökum aldurs eða annarra orsaka. Heildarþörf Blóðbankans á nýliðun í blóðgjafahópnum er því um 4.000 blóðgjafar á ári.

Ég vil sérstaklega hvetja konur til að gerast blóðgjafar, en Ísland er sér á báti þegar kemur að lágum fjölda



Mikil þörf er á að fjölga blóðgjöfum, því er tilvalið að nýta þennan hátíðisdag til að ganga í hóp vaskrar sveitar blóðgjafa sem tryggja samfélaginu dýrmætt framboð af blóði og blóðhlutum.

kvenna í hópi blóðgjafa. Af heildarmagni heilblóðs á Íslandi á um 27% uppruna sinn hjá konum, á meðan 44% af heilblóði á uppruna sinn hjá konum í Svíþjóð. Heildarfjöldi blóðgjafa í dag er um 6.000, en aðeins 2.000 úr þessum hópi eru konur. Blóðgjafafélag Íslands vill beita sér fyrir því að fjölga konum í hópi blóðgjafa helst á þann stað að konur séu með helmingsstöðu í hópi blóðgjafa.

Sökum ástandsins í samfélaginu og framkvæmda við Snorrabraut verður ekki slegið upp garðveislum að Snorrabraut í tilefni dagsins, en blóðgjafar og sér í lagi þau sem hafa áhuga á að gerast blóðgjafar eru hvattir til að mæta í Blóðbankann að Snorrabraut 60 eða á 2. hæðina að Glerártorgi Akureyri og láta gott af sér leiða. Boðið er upp á sérstaklega góðar veitingar í tilefni dagsins. Best er að panta tíma í blóðgjöf með því að hringja í síma 543 5500 (Reykjavík) eða 543 5560 (Akureyri). Einnig er hægt að bóka tíma á www.blodbankinn.is.

Dagurinn 14. júní var valinn en það er afmælisdagur nóbelsverðlaunahafans Karl Landsteiner en hann uppgötvaði ABO-blóðflokka kerfið árið 1900. Að alþjóðlega blóðgjafadeginum standa WHO, Alþjóða

Rauði krossinn, Alþjóðasamtök blóðgjafafélaga og Alþjóðasamtök blóðgjafar. Að baki þessum samtökum eru 192 aðildarríki Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar, 181 landssamtök Rauða krossins, 50 landssamtök blóðgjafafélaga og þúsundir sérfræðinga um blóðgjafir.

Áhugasamir um blóðgjafir og starfsemi BGFÍ geta gerst meðlimir félagsins á heimasíðu félagsins, www.bgfi.is. ■



Án framlags okkar góðu blóðgjafa yrði erfitt, jafnvel ómögulegt, að framkvæma skurðaðgerðir og aðstoða einstaklinga í gegnum erfið veikindi.



RARIK Í 75 ÁR



Opin hús hjá RARIK í tilefni af 75 ára afmæli

Miðvikudaginn 15. júní verða opin hús á völdum starfsstöðvum RARIK víðsvegar um landið í tilefni af 75 ára afmæli fyrirtækisins. Þá munu starfsmenn RARIK taka á móti gestum og kynna aðstöðu og starfsemi fyrirtækisins á hverjum stað og bjóða upp á kaffi og aðrar veitingar. Viðskiptavinir, eldri starfsmenn og aðrir velunnarar RARIK eru sérstaklega velkomnir.

Opnu húsin verða frá kl. 16:00 til 18:00 á eftirtöldum stöðum:

Borgarnes: Sólbakki 1 | **Stykkishólmur:** Hamraendar 2 | **Blönduós:** Ægisbraut 3 | **Sauðárkrúkur:** Borgartún 1a
Akureyri: Óseyri 9 | **Þórshöfn:** Langanesvegur 13 | **Egilsstaðir:** Þverklettar 2-4 | **Fáskrúðsfjörður:** Grímseyri 4
Hornafjörður: Álaugarvegur 11 | **Hvolsvöllur:** Dufþaksbraut 12

Verið velkomin og fagnið með okkur merjum áfanga í sögu RARIK.



Elsku besti pabbi okkar,
sonur og bróðir,

Georg Alexander Valgeirsson

Bæjarási 3, Mosfellsbæ,

lést mánudaginn 30. maí.

Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju
miðvikudaginn 15. júní klukkan 13.

Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð en þeim
sem vilja minnast hans er bent á Dropann, styrktarfélag
barna með sykursýki.

Haldór Snær Georgsson
Indriði Aron Georgsson
Jóhanna Georgsdóttir
Helena Dögg Valgeirsdóttir
Elísabet Viðarsdóttir

Valgeir Marinus S. Georgsson
Katrín Inda Georgsdóttir

Ramóna Lisa Valgeirsdóttir



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Haldór Jónatansson

fv. forstjóri Landsvirkjunar,

lést á Hrafnistu við Sléttuveg 8. júní.

Útförin fer fram frá Kópavogskirkju
mánudaginn 20. júní kl. 13.

Dagný Halldórsdóttir
Rósa Halldórsdóttir
Jórunn Halldórsdóttir
Steinunn Halldórsdóttir

Finnur Sveinbjörnsson
Vilhjálmur S. Þorvaldsson

Raj K. Bonifacius
afa- og langafabörn.



Kær bróðir okkar,

Sigurður Óskarsson

lést þriðjudaginn 31. maí á
dvalarheimilinu Seljahlíð í Reykjavík.

Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju,
miðvikudaginn 15. júní kl. 15.00.

Kristján Norman Óskarsson
Lárus Örn Óskarsson
Anna Hulda Óskarsdóttir
Guðfinna Óskarsdóttir
Ásdís Óskarsdóttir
Ólafur Óskar Óskarsson
Ingibjörg Óskarsdóttir
Halldóra Óskarsdóttir

Saga Bítlabæjarins rakin

Sögu Keflavíkur eru gerð skil í
nýútgefni bók sem rekur tíma-
